

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð um gripagreiðslur á lögbýlum.

1. gr.

Framan við orðin: „á lögbýli“ í 2. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar komi orðið: „framleiðanda“.

2. gr.

Orðin: „Ef fjöldi árskúa á lögbýli fer yfir 170 skerðast heildar gripagreiðslur um 25% fyrir hverjar 10 árskýr sem umfram eru, þannig að bú með fleiri en 200 árskýr nýtur ekki gripagreiðslna, eins og sjá má á eftirfarandi töflu.“ í 3. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar falli brott.

Í staðinn komi orðin: „Ef fjöldi árskúa framleiðanda á lögbýli fer yfir 170 skerðast heildar gripagreiðslur um 25% fyrir hverjar 10 árskýr sem umfram eru, þannig að framleiðandi með fleiri en 200 árskýr á lögbýli nýtur ekki gripagreiðslna, eins og sjá má á eftirfarandi töflu.“.

Landbúnaðarráðuneytinu, 24. október 2006.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.